

Foreldrafélags Verzlunarskóla Íslands
Fundargerð stjórnarfundar

Fundur haldinn þann 15. október 2012 í Portinu kl. 17

Mættir: Árni S. Mathiesen, Guðrún Vala Ólafsdóttir, Unnur Ingólfssdóttir og Elín Thorarensen

Dagskrá:

1. Stjórn skipti með sér verkum
2. Veturinn framundan
3. Önnur mál

1. Stjórn skipti með sér verkum. Verkaskipting núverandi stjórnar var ákveðin. Stjórn foreldrafélags VÍ veturinn 2012 – 2013 er skipuð með eftirfarandi hætti:

Elín Thorarensen – formaður

Lena K. Lenharðsdóttir – ritari og umsjá balllista

Árni S. Mathiesen - Meðstjórnandi

Guðrún Vala Ólafsdóttir - Meðstjórnandi

Hlaðgerður Íris Björnsdóttir - Meðstjórnandi

Katrín Helgadóttir - Meðstjórnandi

Unnur Ingólfssdóttir - Meðstjórnandi

2. Veturinn framundan.

Rætt var um næsta ball og fyrirkomulag útsendinga til foreldra þar sem yfir 100 manns hafa skráð sig á listann. Var ákveðið að prófa að senda næst á allan listann og biðja þá sem ætla að mæta að tilkynna þátttöku. Ef mjög margir boða sig, t.d. fleiri en 18 manns þá má senda út tilkynningu um að nógu margir hafi boðið sig fram og fólk hvatt til að bjóða sig fram næst. Þannig að lögmálið “fyrstir koma fyrstir fá gildi”. Þarf að meta þetta fyrirkomulag eftir næsta ball.

Rætt um að fá fund með skólastjórnendum fljótlega eftir næsta fund stjórnar í nóvember.

Farið var yfir punktana sem fram komu í umræðum á aðalfundi og rætt hverjum þeirra þarf að fylgja nánar eftir og hvernig.

3. Önnur mál

Framtíðarþing var haldið í skólanum 16. október sem er ánægjuefni og sýnir metnað skólans í að gera enn betur og þróa skólann í takt við breytt umhverfi. Foreldrafélaginu bauðst ekki að senda fulltrúa foreldra á þingið og er það harmað. Foreldrahópurinn er auðlind og hvetur stjórnin stjórnendur skólans til að nýta sér hana betur.

Næsti fundur er áætlaður 15. nóv kl. 17:30